FÉLAGSBÚSTAÐIR

# Fundargerð

## stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn fimmtudaginn 29. febrúar 2024 kl. 15.00 á skrifstofu félagsins Þönglabakka 4

**Mætt:** Haraldur Flosi Tryggvason Klein, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, Kjartan Magnússon, Magnús Davíð Norðdahl, Ragnheiður Halldórsdóttir og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Undir dagskrálið 2 sátu fundinn Grétar Örn Jóhannsson fráfarandi sviðsstjóri viðhaldssviðs, Elvar Ágústsson staðgengill hans og Sigurður Halldór Örnólfsson sem taka mun við starfinu innan fárra vikna.

1. **Fundargerð stjórnarfundar 11. janúar 2024**
   Fundargerðin með rafrænni undirritun stjórnarmanna var lögð fram.

2. **Rammasamningar um þjónustukaup iðnaðarmanna**
   Kynnt var útboð vegna rammasamninga um þjónustu iðnaðarmanna.
   Umræður fóru fram. Voru Grétari þökkuð góð störf fyrir félagið og Sigurður boðinn velkominn til starfa.

3. **Samþykktir fyrir Félagsbústaði – drög**
   Farið var yfir drög Reykjavíkurborgar að samþykktum fyrir Félagsbústaði með athugasemdum frá Félagsbústöðum.

   Gert er ráð fyrir að samþykktirnar komi að nýju fyrir stjórn á næsta fundi og verði afgreiddar á aðalfundi í lok mars.

4. **Greining á stöðu félagsins**
   Greint var frá stöðu vinnuhóps vegna sjálfbærni félagsins og að hópurinn muni ljúka vinnunni fyrir miðjan mars. Þá var lögð fram samantekt með tillögum að aðgerðum gangi áætlanir um aukningu tekna á árinu ekki eftir.
   Framkvæmdastjóri fylgir málinu eftir.

5. **Innkaupareglur Félagsbústaða**
   Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðuðum innkaupareglum fyrir Félagsbústaði.
   Innkaupareglurnar voru samþykktar og fyrri reglur felldar úr gildi.

FÉLAGSBÚSTAÐIR

**6. Upplýsingaöryggisstefna**
Endurskoðuð stefna um upplýsingaöryggi var samþykkt.

Fleira ekki get. Fundi slitið kl. 16.20

Haraldur Flosi Tryggvason | Ellý Alda Þorsteinsdóttir

Kjartan Magnússon | Magnús Davíð Norðdahl

Ragnheiður Halldórsdóttir